

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um styrktarffe í viðurkenningarskyni. — Með 15. gr. fjárlaganna fyrir 1882—83 voru fyrrum landlækni Jóni heitnum um Hjaltalín veittar 1000 kr. í virðingarskyni um fram eptirlaun, og hafði hann ekkert tekið út af þeim, áður en hann dó. Hefir skiptarjetturinn í Reykjavík, sem hafði dánarþú hans til skiptamedferðar, komið fram með beiðni um, að fá þessar 1000 kr. ávísaðar sjer til útborgunar, og hafði þjer svo, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 27. dag f. m. skotið því til úrslita ráðgjafans, hvort taka megi til greina beiðni skiptarjettarins, og ef svo sje, þá hvort ávísa beri alla upphæðina eða að eins nokkurn hlut hennar. 199 29. sept.

Af tilefni þessu skal eigi hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jafnvel þótt veitingin sje svo óheppilega orðuð, að vafi hljóti að leika á, hver sje rjettur skilningur á henni, þá hefir þó ráðgjafanum virzt umræðurnar á alþingi bera þess vott, að það hafi að eins verið tilgangur þingsins, að veita Hjaltalín landlækni sjerstaklega viðbót við eptirlaun hans fyrir fjárhags-tímabilið, og því álitur ráðgjafinn rjettast að reikna viðbótina á sama hátt sem sjálf eptirlaunin, svo að búinu verði þannig greiddar fyrir mánuðina janúar til júní þ. á. samtals 250 kr.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um tengdir sýslunefndarmanna. 200
— Út af tilfelli, er fyrir hefir komið í sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu hafði þjer, 29 sept. herra landshöfðingi, beðið um álit ráðgjafans um spurningar þær, er hjer skal greina og snerta skilning á sveitastjórnartilskipuninni 4. maí 1872:

1) hvort ákvörðunin í 4. gr. tilskipunarinnar samanborin við 30. gr. sje því til fyrirstöðu, að tengdafaðir og tengdason eigi samtímis sæti í sýslunefndinni; og

2) hvort ákvörðunin í 31. gr. tilskipunarinnar, að «hlutaðeigandi», sem er óánægður með úrskurð sýslunefndarinnar á spurningum þeim, er greinin um getur, geti skotið þeim til amtsráðsins, veiti öðrum heimild til að skjóta spurningunni til amtsráðsins, en þeim nefndarmanni, er úrskurður sýslunefndarinnar hefir fallið andstæður.

Af tilefni þessu skal eigi hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að eptir áliti ráðgjafans er ekkert í 30. gr., sbr. við 4. gr. tilsk. 4. maí 1872, því til fyrirstöðu, að tengdafaðir og tengdasonur sjeu samtímis nefndarmenn í sömu sýslunefnd, og svo hitt, að álíta verður, að sá, sem löglega hefir krafzt þess, að kosning verði ógilt eða nefndarmaður rækur gjör, hafi rjett til að skjóta úrskurði sýslunefndarinnar til amtsráðsins, ef sá úrskurður hefir fallið andstætt kröfu hans.

— Ágrip af brjefi ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðastyrk handa læknaefnum. — Með þessu brjefi tjáði ráðgjafinn sig samþóma landshöfðingja um það, að veitingin á 13. gr. B. II. b. 4. fjárlaganna væri áætluð, og veitti þess vegna læknisefni 150 kr. styrk, þó búíð væri að leggja 2 öðrum læknaefnum á þessu ári sínar 150 kr. hvorum um sig af þeim 300 kr., er getur um í tjeðri fjárlagagrein. 201 4. okt.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þjónustu prestakalls. — Í þóknanlegu brjefi 15. f. m. hafði þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þjer hafði á- 202 5. okt.

202 vísað sóknarprestinum að Fjarðarprestakalli í Mjóafirði, síra Þorsteini Halldórssyni, sem 29. 5. okt. nóvbr. f. á. fjekk veitingu fyrir embætti þessu frá fardögum 1882, 200 kr. fyrir ársfjórðunginn 6. júní til 6. september þ á. af því 800 króna árstíllagi úr landssjóði, sem tjeðu kalli er veitt með lögum 27. febr. 1880, enda þótt síra Þorsteinn hafi eigi fengið prestvígslu fyrri en 3. dag f. m. Þó getið þjer þess, að þjer hafið ávísað honum upphæð þessa með því einu skilyrði, að hann endurgreiddi hana, ef ráðgjafinn kvæði svo á, og hafið þjer svo beiðzt úrskurðar ráðgjafans um þetta mál.

Af þessu tilefni skal eigi hjá líða látið að tjá yður, herra landshöfðingi, þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að eptir atvikum má sitja við ráðstöfun þá, er þjer hafið gjört, einkum þar eð brjef yðar ber það með sjer, að biskupinn hefir borið það fram, til að styðja tilkallsrjett prestsins til fjár þess, sem honum hefir greitt verið, að kalli þessu hafi síðan í fardögnum verið þjónað á kostnað hans

203 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um styrk til að kynnast skóla- 5 okt. húsum og áhöldum erlendis. — Með þóknanlegu brjefi 15. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá frá yfirkennaranum við lærða skólann í Reykjavík H. K. Friðrikssyni, er hann hefir sent stiptsýfirvöldunum; skýrir hann þar frá því, að sjer sje falin umsjónin á húsum og áhöldum skólans, og fer meðal annars fram á, að sjer verði veitt færi á að ferðast til útlanda og kynna sjer þar hús og áhöld erlendra skóla, einkum Herlufsholms-skóla og Sóreyjar-skóla, og að sjer verði veittur að minnsta kosti 600 króna styrkur til ferðarinnar, svo og að kostnaðurinn við að reka embætti hans, meðan hann er burtu, verði greiddur af almannaþje.

Af þessu tilefni er eigi hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir umsækjanda, að ofan nefndri beiðni hans hefir eigi orðið sinnt.

204 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um inn- 7 okt. stæðukúgildi á leigujörðum. — Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmaður, um fyrirspurn hreppstjórans í Presthólahreppi um það, hvort bóndi á leigujörð, er alls engin innstæðukúgildi eru á, sje undan þeginn lausafjártíund af einu kúgildi af sínu eigin fje fyrir hver fimm hundruð, sem jörð hans er metin til, skal jeg tjá yður þetta til leiðbeiningar og birtingar:

Eins og þjer hafið tekið fram, virðist 2. liður 8. greinar í lögum 12. júlí 1878 að ná jafnt til leiguliða og eiganda, og er því leiguliðum heimilt, þar sem eigi er fast ákveðið innstæðukúgildatal á jörðum, að telja frá tíund eitt kúgildi af sínu eigin lausafje fyrir hver 5 hundruð jarðarinnar en eigi fleiri. Þar sem hundraðatal jarðarinnar nær eigi 5 hndr., virðist ákvörðun þessi eigi að geta komið til greina, og sje hundraðatal jarðarinnar ekki deilanlegt með 5, virðist heldur ekki það, sem afgangsverður, eptir að hundraðatölunni er skipt með 5, að geta komið til greina til lækkunar á lausafjártíundinni.

205 — Brjef frá formanni samskotanefndarinnar í Kaupmannahöfn til landshöfðingja 9. okt. um sendingar á kornvörum með gufuskippinu Valdemar. — Jeg hefi meðtekið brjef yðar, hávelborni herra, frá 17. f. m., og þakka mjög fyrir skýrslur þær, er það hefir inni að halda.

Ákvörðunin um að kaupa fje fyrir þær 20.000 kr., er yður með fyrra gufuskippinu voru fengin ráð á, var gjörð eptir samkomulagi við herra landshöfðingja Hilmar Finsen, og álitu menn það nauðsynlegt og hagkvæmt, að íbúar þeirra hjerada á Suður-